

### **Um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum.**

Aukinn fjölbreytileiki í fjölskyldugerðum og vaxandi þátttaka feðra í umönnun barna þrátt fyrir að foreldrar búi ekki saman kallar á umræðu um hvernig löggjafinn kemur til móts við þá þróun.

Undirritaður fagnar þingsályktun um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum og telur nauðsynlegt að hefjast handa sem allra fyrst við þetta brýna verkefni.

Í byrjun árs 2012 framkvæmdi undirritaður rannsókn með það að markmiði að greina að hvaða leiti fjölskyldubótakerfið taki tilliti til þess að báðir foreldrar þurfa að sinna framfærslu og umgengni við börn þó foreldrar deili ekki sama heimili.

Þar er spurt hvaða stuðning hið opinbera veitir foreldrum sem ekki búa saman vegna framfærslu barna sinna. Þá er spurt hver séu dæmigerð útgjöld vegna framfærslu í fjölskyldum barna þar sem foreldrar búa ekki saman. Að lokum er spurt hvernig ráðstöfunartekjur tekjur ólíkra tekjuhópa dugi fyrir útreiknuðum framfærslukostnaði.

Svarið við rannsóknarspurningunum er afdráttarlaust, opinber stuðningur við barnafjölskyldur þegar foreldrar búa ekki saman miðast fyrst og fremst við svokallaða fyrirvinnuskipan þar sem konur bera ábyrgð á umönnun barna og karlar bera ábyrgð á framfærslu. Taka verður mið af því að mæður deila í yfirgnæfandi meirihluta lögheimili með eigin börnum. Öllum fjárhagslegum stuðningi er beint að lögheimili barns að undanskildum möguleikum foreldra til fæðingarorlofs. Lög og reglur um opinberan stuðning við barnafjölskyldur eru því í ósamræmi við megin áherslur hjúskapar- og barnaréttar og þingsályktunnar um fjölskyldustefnu sem leggur áherslu á ábyrgð beggja foreldra á umönnun og framfærslu barna. Niðurstöðurnar sýna ennfremur að ákveðin hópur umgengnisforeldra hefur ekki möguleika á að afla tekna sem duga til að mæta framfærslukostnaði samkvæmt dæmigerðu neysluviðmiði Velferðarráðuneytis.

Rannsóknin var unnin sem BA verkefni við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og hægt er að sækja hana í heild sinni á skemman.is eða:

Heimir Hilmarsson. (2012). Framfærsluskyldur foreldra sem ekki búa saman. Opinber stuðningur við barnafjölskyldur. Óbirt BA-ritgerð:Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild. URI:

<http://hdl.handle.net/1946/11629>

Þá vill undirritaður koma á framfæri við velferðarnefnd grein sem undirritaður ásamt Guðnýju Björku Eydal, prófessor í félagsráðgjöf unnu að fyrir Þjóðarspegil 2012. Greinin er unnin í framhaldi af BA verkefninu og er að finna í heild sinni á skemman.is eða:

Guðný Björk Eydal og Heimir Hilmarsson. (2012). Fjölskyldur og framfærsla barna. Í Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjóri) Rannsóknir í félagsvísindum XIII: Félagsráðgjafardeild. Reykjavík:

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. URI: <http://hdl.handle.net/1946/13379>

Samhliða ofangreindum rannsóknnum þá útbjó undirritaður Reiknivél ráðstöfunartekna og neysluviðmiðs foreldra sem ekki búa saman. <https://www.rokverk.is/reiknivél>

Í reiknivélinni er hægt að bera saman ráðstöfunartekjur og neysluviðmið foreldra út frá ýmsum forsendum. En auk þess er hægt að sjá í reiknivélinni hvernig ráðstöfunartekjur á neyslueiningu út frá forsendum Hagstofu Íslands eru. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu er hugtak sem notað er þegar bera á saman afkomu mismunandi fjölskyldugerða.

Upplýsingar um ráðstöfunartekjur á neyslueiningu og hvaða ráðstöfunartekjur eru notaðar til grundvallar er að finna í Hagtíðindum undir liðnum „Skýringar og hugtök“ á þessari slóð:

<http://www.static.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=13784>

Alvarleg kerfisvilla er við mat á afkomu foreldra sem eiga börn saman en búa á tveimur heimilum.

- Ráðstöfunartekjur barnlaus einstaklings við lágtekjumörk eru 153.600 kr. eins og áður segir.
- Ráðstöfunartekjur heimilis hjá einstæðu lögheimilisforeldri með þrjú börn eru 364.530 kr.
- Ráðstöfunartekjur heimilis hjá einstæðu umgengnisforeldri með þrjú börn eru 80.910 kr.

Kerfisvillurnar tvær eru að:

- 1) EU-SILC stuðullinn tekur ekki mið af umgengni.
  - a) Einstætt lögheimilisforeldri með þrjú börn fær stuðulinn 1,9 og er því við lágtekjumörk ef reiknaðar ráðstöfunartekjur heimilis eru 291.840 kr.
  - b) Einstætt umgengnisforeldri með þrjú börn fær stuðulinn 1,0 og er því við lágtekjumörk ef reiknaðar ráðstöfunartekjur heimilis eru 153.600 kr. eins og barnlaus einstaklingur.

Þessi skekkja er töluverð en þó gerir hún ráð fyrir því að tekið sé mið af réttum ráðstöfunartekjum.

- 1) Ráðstöfunartekjur heimilis sem Hagstofa Íslands miðar við tekur ekki mið af meðlagi.
  - a) Einstætt lögheimilisforeldri með þrjú börn er við lágtekjumörk ef ráðstöfunartekjur heimilis eru 364.530 kr. sbr.  $(364.530 - 3 * 24.230) / 1,9 = 153.600$
  - b) Einstætt umgengnisforeldri með þrjú börn er við lágtekjumörk ef ráðstöfunartekjur heimilis eru 80.910 kr. sbr.  $(80.910 + 3 * 24.230) / 1,0 = 153.600$

Hér er ekki tekið mið af viðbótarmeðlagi, en heimili lögheimilisforeldris gæti haft hærri ráðstöfunartekjur vegna viðbótarmeðlags en samt mælst við lágtekjumörk.

Þessar kerfisvillur og ósýnileiki umgengnisforeldra í hagtölum Íslands getur hugsanlega verið stór þáttur í skýringu á því að 74% einheyra „barnlausra“ karla eru í vanskilum. Hugsanlega eru margir eða jafnvel flestir þeirra feður.

Virðingarfyllst,

Heimir Hilmarsson